

TRUENORTH®

Kæru íbúar Akraness:

Fyrirhugaðar eru kvikmyndatökur, undir forsjá Truenorth, í og við Sementsreitinn sem og við Aðalhafnargarðinn á Akraneshöfn í kringum miðjan apríl.

Ásýnd sandgryfjunnar verður nokkuð breytt frá því sem er nú. Í byrjun apríl mun rísa tiltölulega stórt tjald við austur enda sandgrifjunnar og verður tjaldið dyggilega tryggt fyrir veður og vindum.

Okkur fylgir talsvert af flutningabílum í öllum stærðum og gerðum og er ætlunin að leggja þeim í sandgryfjunni, vegna stærð bílana þurfum við að fara í gegnum hliðið við Jaðarsbraut og mun því einhver aukning verða á umferð á Jaðarsbraut á meðan kvikmyndatökum stendur. Áætlað er að mesta bílaumferð verði milli 13. - 20. apríl.

Athugið að svæðið verður vaktað allan sólahringin á meðan viðvera okkar stendur.

Áætlað er að við munum þurfa að loka tímabundið fyrir umferð á Faxabraut meðfram Sementsreitnum, nákvæmar dag- og tímasetningar liggja ekki fyrir eins og stendur en verða birtar á vef Akraneskaupstaðar þegar þær liggja fyrir. Einnig munum við þurfa að loka tímabundið fyrir umferð við Teigakletta, þ.e. milli loðnubrennslu HB Granda og sjávargarðsins hjá Aðalhafnagarði.

Á einum tökudegi er áætlað að tvær þyrlur verða notaðar í kvikmyndatökunum, um verður að ræða lágflug yfir Sementsreitinn. Sá dagur sem þyrlur verða notaðar verður auglýstur sérstaklega á vef Akraneskaupstaðar þegar dagsetning liggur fyrir.

Ljóst er að umfangið verður talsvert og munum við eftir fremsta megni lágmarka allt það umstang sem okkur fylgir og biðjumst fyrirfram afsökunar og velvirðingar á því ónæði sem vera okkar á Akranesi kann að hafa í för með sér.

Með fyrirfram þökk og von um gott og farsælt samstarf.

Friðrik E. Ásmundsson,
Tökustaðastjóri
Sími 864 8507
frikki@truenorth.is